



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á afmælishátíð
Slysavarnafélagsins Landsbjargar
29. janúar 2008**

Heiðraða slysavarnafólk.
Góðir hátíðargestir.

Íslendingar bera einlægan þakkarhug til Slysavarnafélagsins Landsbjargar og hafa hvað eftir annað sýnt í verki hve mikils þjóðin metur framlag samtakanna.

Með virðingu og stolti hyllum við framgöngu björgunarfólks á undanförunum áratugum enda leitun á landi þar sem samtök sjálfbóðaliða hafa reynst jafn árangursrík, svo samofin siðferðisvitund og hjálparhugsjón, kjarninn í samstöðu íbúanna, binda í byggðarlögum um landið allt bönd tryggðar milli fólks úr ólíkum stéttum.

Þótt náttúra Íslands sé uppspretta ættjarðarástar vitum við öll að ásýnd landsins er ekki alltaf blíð. Snarpir vindar, ægivedur, ólgusjór, áhöfn berst í brimgarðinum, fannfergi á fjöllum, göngumenn í bráðri hættu, – ástvinir bíða óttaslegnir, byggðarlögin undirlögð af sorg og kvíða. Á slíkum stundum öðlast þjóðin eina sál og setur allt sitt traust á þá þjálfuðu sveit sem Slysavarnafélagið Landsbjörg sendir á vettvang.

Við þekkjum öll þessa reynslu. Þjóðin varðveitir í minni sínu mikla sögu um afrekin sem björgunarsveitir hafa unnið.

Ég flyt ykkur heillaóskir Íslendinga, þakkir þjóðarinnar fyrir fórnfúst starf, þakkir fyrir að heimta þúsundir úr bráðri hættu, þakkir fyrir fordæmið sem þið hafið jafnan sýnt – en líka þakkir fyrir uppeldisstarfið, þjálfunina sem veitt hefur verið ungmennum vítt og breitt í byggðum landsins, veganestið sem nýjar kynslóðir hafa fengið, framlag til forvarna sem sífellt verða brýnni.

Á umbrotatímum, nýrri öld, er gott að vita af kjölfestunni sem Slysavarnafélagið Landsbjörg veitir okkur, samtakamætti sem endurnærir af merkri sögu en sækir líka nýjan kraft í ögrandi viðfangsefni okkar tíðar.

Það er gæfa Íslendinga að eiga björgunarsveitir sem sameina hæfni og úthald, byggja á öguðum vilja og samvirku afli, eru samnefnarar fyrir bestu mannkosti í hverri byggð, samvinnu og stuðning, metnað til að koma öðrum til hjálpar, svara neyðarkalli á hættustundu.

Í slysavörnum og björgunarstarfi hafa varðveist eiginleikar sem Íslendingum hafa um margar aldir reynst býsna vel, eðlisþættir sem þjóðin má aldrei glata. Liðsmenn Landsbjargar í fámennri byggð, sjávarþorpi, afskekktari sveit, eru kjarninn í samheldninni sem þar er nauðsyn – og þjálfunin sem ungmennum úr höfuðborg eða stærri bæjum er jafnan veitt er dýrmætt uppeldisstarf sem miklu mun skila í framtíðinni.

Fyrir hönd þjóðarinnar færi ég ykkur einlægar þakkir, árnaðaróskir, fullvissu um að Slysavarnafélagið Landsbjörg mun ávallt eiga stuðning Íslendinga vísan.